


Alþingi
Erindi nr. P 127/828
komudagur 21. 2. 2002



Alþingi
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd
Data Protection Authority

Rauðvíkströg 10 105 Reykjavík Iceland
tel.: 354 510 9600 fax: 354 510 9606
e-mail: postur@personuvernd.is
web page: personuvernd.is

Reykjavík, 19. febrúar 2002
Tilvísun: 2002020078 SJ/--


Vísað er til bréfs heilbr. og trygginganefndar Alþingis, dags. 7. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um geislavarnir, 344. mál, þskj. 460.

Í 5. gr. frumvarpsins er m.a. lagt til að Geislavarnir ríkisins annist eftirlit með geislaálagi starfsmanna og *haldi skrá* yfir niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits með geislun fyrir einstaka starfsmenn. Í 14. er gert ráð fyrir að vinnslan verði bundin eftirfarandi skilmálum:

- 1) Niðurstöður skulu varðveittar allan þann tíma sem starfsmaður verður fyrir jónandi geislun við störf sín og allt þar til hann verður 75 ára, eða hefði orðið 75 ára, en undir engum kringumstæðum skemur en 30 ár eftir að viðkomandi hættir starfi sem veldur því að hann verður fyrir jónandi geislun. Niðurstöður einstaklingsbundins eftirlits skulu vera aðgengilegar starfsmanni, vinnuveitanda hans og trúnaðarlækni svo og heilbrigðisyfirvöldum samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur.
- 2) Um vinnsluna skal að öðru leyti fara samkvæmt lögum um persónuvernd.

Skilningur Persónuverndar á þessu ákvæði er sá að hún geti, umfram það er greinir í 1. tl., sett skilmála um vinnsluna og mælt, eftir því sem þurfa þykir, fyrir um ráðstafanir að því er varðar tækni, öryggi og skipulag vinnslunnar þannig að hún verði í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd, þ. á m. um hvernig uppfylla skuli ákvæði 20. og 21. gr. laga nr. 77/2000. Sé sá skilningur réttur gerir Persónuvernd fyrir sitt leyti engar athugasemdir, en tekur fram að hún hefur einungis skoðað frumvarpið í ljósi sjónarmiða um friðhelgi einkalífs og öryggi vinnslu persónuupplýsinga.

Virðingarfyllt


Sigrún Jóhannesdóttir